LÖG

50
4. júní

um

atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer, samkvæmt 6. gr. laga, dags. í dag, um breyting á lögum nr. 29, 20. júní 1923, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum, höfum látið færa breytingar þær, sem ræðir um í fyrnefndum lögum, inn í meginmál tjeðra laga nr. 29, 20. júní 1923, og gefum þau hjermeð út sem lög um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

1. gr.

Þeim einum er heimilt að stunda vjelgæslu á íslenskum mótorskipum, er fullnægja ákvæðum þessara laga.

2. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með minni vjel en 12 hestafla, er sýnt getur skrásetningarstjóra vottorð frá tveim vjelgæslumönnum, er skírteini hafa frá mótorskólanum í Reykjavík, sem stofnaður var með lögum nr. 13, 18. nóv. 1920, eða námskeiði Fiskifjelags Íslands, um að hann sje fær um að gegna starfinu.

3. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 12 til 50 hestafla vjel,er sannað getur, að hann hafi staðist próf við mótorskólann í Reykjavík eða námskeið Fiskifjelags Íslands, eða stundað vjelgæslu samkvæmt 2. gr. að minsta kosti 12 mánuði.

4. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 50—150 hestafla vjel, er staðist hefir fullnaðarpróf við mótorskólann í Reykjavík, og auk þess verið að minsta kosti 12 mánuði vjelgæslumaður samkv. 3. grein. Sbr. þó 7. gr. þessara laga.

5. gr.

Sá hefir rjett til að vera 1. vjelstjóri á mótorskipi með 150 hestafla vjel og þar yfir, sem hefir skírteini sem 1. vjelstjóri samkvæmt 7. gr. laga nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum, og auk þess verið að minsta kosti 6 mánuði aðstoðarvjelstjóri á mótorskipi með 50 hestafla vjel eða stærri.

50
4. júní

6. gr.

Á mótorskipum með 12 til 50 hestafla vjel skal vera einn vjelgæslumaður, sem fullnægir skilyrðum 3. gr., og einn aðstoðarmaður, sem fullnægir 2. gr. Þó skulu dráttarbátar og aðrir þeir bátar, sem notaðir eru við hafnir eða til stuttra ferða, eigi skyldir að hafa þenna aðstoðarmann.

Á mótorskipum með 50 til 150 hestafla vjel skal vera einn vjelgæslumaður, sem fullnægir kröfum 4. gr., og einn, sem fullnægir kröfum 3. gr.

Á mótorskipum með vjel yfir 150 hestöfl skal vera vjelalið samkvæmt ákvæðunum í 1. málsgr. 12. gr. nefndra laga 3. nóv. 1915.

7. gr.

Eftir að mótorskólinn í Reykjavík hefir starfað í 5 ár getur enginn orðið yfirvjelstjóri á mótorskipum með stærri vjel en 50 hestafla, nema hann sanni, að hann hafi staðist fullnaðarpróf við mótorskólann í Reykjavík. Þó heldur vjelstjóri er staðist hefir námsskeiðspróf Fiskifjelags Íslands eða fullnægir ákvæðum 5. gr., rjettindum sínum, ef ekkert það er fram komið, er sanni, að hann sje óhæfur til að gegna starfinu.

Þeir vjelstjórar og vjelgæslumenn á mótorskipum, sem gegnt hafa því starfi 12 mánuði eða lengur áður en lög þessi öðlast gildi, halda þó rjettindum sínum.

8. gr.

Mótorvjelgæslu-skírteini skal gefið út af lögreglustjóra, og skal það samið eftir reglum, er stjórnarráð Íslands setur. Fyrir hvert skírteini greiðist 10 krónur, er renna í ríkissjóð.

9. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, og skal hann þá leggja málið undir úrskurð stjórnarráðsins, en við það skerðist þó ekki rjettur hans til að leita dómsúrskurðar um málið.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum. Sje brotið ítrekað, getur sektin hækkað upp í 1000 krónur. Brot þessi sæta opinberri rannsókn, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.